

# LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2024

## Úrval ljóða frá unglिंगastigi:

### Hvað ef ég opna mig?

hvað ef ég myndi leyfa þér að sjá inn í sál mína?  
myndir þú líka leyfa mér að sjá inn í þína?  
hvað ef ég myndi taka hníf og skera niður frá hálsi að mjöðmum fyrir þig?  
myndir þú að því loknu rétta mér plástur og annast mig?  
hvað ef þú sérð svo eitthvað sem þér líkar ekki við?  
myndir þú snúa undan eða halda áfram að þrífa í burtu blóðið?  
hvað ef þú tekur eftir sýkingu í sárinu nokkrum dögum eftir á?  
ætli þú loksins hlaupir í burtu frá mér þá?

Inda Marý Kristjánsdóttir, 10. bekk Barnaskóla Vestmannaeyja

### Ef dóttir mín verður eftirlíking af mér

ég er hrædd um að eignast dóttur  
af því hvað ef hún verður eftirlíking af mér?  
ef litla stelpan lítur í spegil og móðir hennar er það eina sem hún sér  
hvað ef henni líkar ekki við hvernig hún lítur út?  
og kemur til mín með tárin í augunum, brotin eins og gler  
ætli ég byrji bara að gráta með vegna þess að ég er ófær um  
að segja dóttur minni að hún sé fullkomin eins og hún er

Inda Marý Kristjánsdóttir, 10. bekk Barnaskóla Vestmannaeyja

## **Þú**

ef ég yrði grafinn lifandi  
og lungu mín væru að fyllast af sandi  
myndi ég nota minn seinasta andardrátt að kalla nafn þitt  
þá verð ég brosandí þegar fundið er líkið mitt

*Inda Marý Kristjánsdóttir, 10. bekk Barnaskóla Vestmannaeyja*

---

viltu halda í höndina á mér þegar að ég tek minn síðasta andardrátt?  
og áður en þú sleppur, þú vita mátt  
enginn gröf getur haldið mér niðri, ég mun skríða til þín  
af því að sálir okkar passa saman, sál þín er sál mín.

*Inda Marý Kristjánsdóttir, 10. bekk Barnaskóla Vestmannaeyja*

---

## **Búbbla**

Líf þitt er eins og búbbla.

Þegar ég bý til búbblu er hún eins og lítið barn að fæðast. Svo stækkar búbblan  
og þú stækkar líka eins og búbblan og eldist.

Einhvern tímann springur búbblan og þú deyrð gamall, gömul eða gamalt.

Lífið er eins og spil. Sumir deyja snemma eins og ég sprengi búbbbluna.

Sumir búa í stríði þegar forseti kraumar af reiði, sumir deyja með því að elska  
og að vera góðir og sumir deyja með því að ferðast eða upplifa ofbeldi.

Lífið þitt er spil, þú ræður hvað þú gerir.

Gerðu það góða og hjálpaðu öðrum og gerðu eitthvað með lífið þitt áður en þú  
deyrð og springur eins og búbbla.

*Elín Una Eggertsdóttir, 8. bekk Lýsudeildar í Grunnskóla Snæfellsbæjar*

---

## Skáld

Alltaf skáld en aldrei ljóð  
Hversu leiðinlegt er það  
þurfa ekkert að vera góð  
Ég vil upplifa eitthvað  
Tilhugsunin væri best  
Hugsaðu ekki út í rest  
Að reyna er aðal atriðið  
Ég get líka alveg beðið  
Ég hef skrifað um aðra  
En aldrei fengið um mig  
Ég segi að það sé í lagi  
Verst að segja það við þig

Alltaf skáld en aldrei ljóð  
Ég hlýt að vera alveg óð  
Ég væri til í bara um mig  
en ég skrifa bara um þig  
Ég segi þér því aldrei frá  
Ég vil ekki setja pressu á  
Mig langar bara að fá ljóð  
sem þurfa ei að vera góð  
Hugurinn er það sem telur  
og minningin góð sem dvelur  
Svo ég bið um ljóð í lítið skjal  
Kalla yfir tóman áhorfendasal

*Kristín Ásta Sigtryggsdóttir, 10. bekk Laugalækjarskóla*

---

Að eiga eldri systur er eins og  
að finna vindinn fjúka framhjá þér.  
Sumrin hverfa og snjórinn birtist  
aftur og aftur allan ársins hring.  
Þótt við værum ekki að nánar á yngri árum  
sá ég þig alltaf sem blóm að blómstra á nýju sumri,  
fallegan vasa og kerti í hreinu herbergi.  
En þegar vindurinn nær þessu blómi, vasa og kerti  
er eins og allt sé að snúast í kringum þig nema þú.  
Þetta gerist nema allir eru að halda áfram  
á meðan ég er föst, föst í svartri holu,  
holu sem er erfitt að komast upp úr  
þessi hola heldur í sér minningum  
sem eru löngu gleymdar.  
Minningar um sorg, gleði, góða og vonða tíma.  
Ofan í þessari holu sit ég  
og bíð eftir systir minni að heyra í mér.

*Eva Sóley Jóhannsdóttir, 9. bekk Njarðvíkurskóla*

---

## Sofna

Ligg upp við gluggann  
hlusta á dimmuna  
Sólin sest í fjarska  
Ég verð að standast freistinguna og fara að sofa

*Vaka Elsudóttir Unnarsdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

Í rúmi mínu ég sit  
og skrifa þar langt handrit  
um líf mitt næstu daga  
og það sem ég þarf að laga

Ég laga þarf margt og mikið  
því marga hef ég nú svikið  
ég reyni smátt og smátt  
að koma mér í rétta átt

*Birna Signý Valdimarsdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Gleði

Ég spurði hann  
Hvað er gleði?

Hamingja er tilfinning sem maður finnur fyrir  
Fólk segir að bros sé hluti af því að sýna gleði  
en þú getur brosað þegar einhver er að klípa þig

Hann horfði á mig og spurði  
Hvað veist þú um gleði?  
Ég gat ekki svarað spurningunni

*Rakel Ösp Hirlekar, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Tilfinningarússíbani

Ég sé bara rautt,  
yfirfull af bræði.  
Andlit mitt, eldrautt,  
liggur við að úr því blæði.

En svo sé ég þig,  
svo friðsamur, rólegur.  
Ég kemst á annað þroskastig,  
vinur minn elskulegur.

Allt í einu, þú ferð í burt,  
ég verð eftir alein.  
Andlit mitt, svo voða dapurt,  
líður eins og gráum stein.

Hvernig á ég þetta að afbera?  
Togast niður í undirheimana.  
Ég er nú bara ein mannvera,  
föst í eilífum tilfinningarússíbana.

*Úlfhildur Andradóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Fyrir þig ég myndi

Fyrir þig ég myndi plokka hvert fræ úr jarðarberi  
Fyrir þig ég myndi telja hverja stjörnu á himni  
Fyrir þig ég myndi ferðast um allan heiminn  
Fyrir þig ég myndi kaupa hvert blóm sem lifir  
Fyrir þig ég myndi fara upp í geim og til baka heim  
Fyrir þig ég myndi vaka í alla nótt  
Fyrir þig ég myndi deyja

Fyrir þig ég myndi ...

*Hildur Högnadóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Engill á himnum

Ég sakna þín alla daga,  
um glitrandi höf og fagra haga.  
Þú lofaðir mér að þú myndir aldrei fara  
upp himininn þar sem stjörnur skína skærara.  
Ég sakna þess að hafa þig hér,  
um dimmar nætur hér hjá mér.  
Ég elska þann guð sem líf þitt ól,  
okkar gömlu stundir úti, glampanði sól.  
Þú átt alltaf stað í hjarta mínu  
og ég vona að ég eigi líka í þínu.

*Sigríður Ragna Kjartansdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Takk ástkæri

Lífið tautar og tíminn tikkar  
þakklátust eruð þið fyrir fjölskyldur ykkar  
dagurinn í gær var fyrir ári  
og við þökkum fyrir hann með tári

Öll fáum við tækifæri  
en öll óskuðum að þau væru stærri  
óttinn við að stækka varð nærri  
svo takk fyrir mig ástkæri

*Bergdís Saga Sævarsdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Jólaljósin

Þegar kuldinn kemur  
og myrkrið leggst yfir  
á glugga hríðin lemur og vetur ber á dyr

Kviknar á kerti inni  
þiðnar frostrós  
lýsa upp snjóinn á nóttunni  
þjört og falleg jólaljós

*Katla Hlíf Eyþórsdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Hjarta úr gulli

Þú fórst áður en ég  
gat kynnst þér á ný  
ég grét ekki þegar  
þú dóst ég mun alltaf sjá eftir því  
eina sem ég get munað  
eru myndir sem ég vissi ekki að væru til

Ég ímynda mér alltaf að þú  
sitjir á strandstól með þjór í hendi  
horfandi á sólina og tunglið  
þótt ég trúi ekki á það  
ég óska að ég hefði verið leiðari,  
nokkur ár og við hefðum orðið bestu vinir, afi

*Emilía Rún Valsdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

eftir lærdóminn er ég þreytt  
fer í náttföt og drekk eitthvað heitt  
bursta tennur og fer undir sæng  
dreymi um fugl  
með aðeins einn væng  
en þetta er bara allt rugl

*Kristín Kolbrún Hákonardóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## **Anorexía**

ég er ekki sá einstaklingur sem ég vil vera  
allir geta gert meira

ég finn frið í hungri  
ég finn fyrir miklu kvöldmatarhungri

allir elska að borða, þar til það borðar þig  
allir elska að borða, þar til það byrjar að tortíma  
og matarhugurinn breytist í óttan sem tortímir

ég vil vera grönn  
en óskir mínar breytast aldrei í að ég er

vilji minn er sterkari en hungrið  
ég fæ áminningu í hvert sinn sem ég lít í spegilinn

að ég sé ekki hún  
eins og ég nokkurn tímann muni verða hún

*Rakel Ösp Hirlekar, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## **Langa gangan**

Ég geng hér um með vasaljós í hendi,  
horfi í kring um mig er ég bendi.  
Allt hér í kring er svo fínt og fagurt,  
annað get ég ekki gert en að stansa og stara  
Hleyp ég frá trjánnum, blómunum og jurtunum,  
hleyp ég að ljósinu og hverf í burtu.

*Melkorka Björk Iversen, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

## Sumarþrá

Ég ligg hér,  
eins og jarðarber, heitir straumar  
alveg eins og draumar  
en nú er vetur  
og mér er kalt,  
mig vantar bara sól og berjasaft

*Lísa Ingólfssdóttir Hlíðaskóla, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

Bráðum koma jólin  
ég klæði mig í fína kjólinn  
set svo á mig sparískó  
og dansa um hreinu gólfín  
hamingjusöm ég er  
um jólin með þér

*Margrét Álfdrís Huludóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

Ég stíg fram úr og klæði mig í sokka  
Ég kíkí út um glugga  
En sé bara snjó  
Og þráðbeinan skugga  
Og tóman skó

*Kára Kjartansdóttir, 9. bekk Hlíðaskóla*

---

Veturinn vaknar, snjór út um allt.  
Fæ ég mér kakó því að úti er kalt.  
Lakkrístoppar mjúkir og sætir,  
að baka með mömmu ávallt kætir,  
Jólin eru að koma, ég hlakkar svo til.  
Allir fá pakka og kerti og spil.  
Nýársdagur, veislan er hafin,  
gömlu árin komin og farin.  
Prettándinn mættur, síðasti dagur jóla.  
Vorið að koma, ég gæti farið út að hjóla.

*Bergur Leó Sigurþórsson, 9. bekk Stapaskóla*

---

## **Fallega eyjan mín**

Heiðskýr himinn og græna grasið.  
Fallegi sjórinn sem flæðir.  
Háu fjöllin sem sólin er á bakvið  
og vindurinn sem vælir.

*Embla Dís Sighvatsdóttir, 9. bekk Stapaskóla*

---

## **Að vera „venjulegur“**

Með systkini mínum er ég venjulegur,  
þau bæði eru með einhverfu.  
Sá yngri er stundum pirrandi,  
sá eldri er sérkennilegur.  
„En hvað með þig?“ spyrðu.  
Ég er ekki neitt sem ég greindi,  
svo ég er bara óvenjulegur.

*Finnbjörn Orri Hauksson, 9. bekk Stapaskóla*

---

## Ljósíð í myrkrinu

Stundum slökkna ljósin  
og ég næ ekki að kveikja á þeim aftur.  
Þú sérð ekkert í myrkrinu,  
ekkert nema svart.  
Líkt og peran sé að deyja,  
verður maður að halda í vonina.  
Þú munt á endanum finna  
ljósíð þitt.

*Hekla Rún Sigurðardóttir, 9. bekk Stapaskóla*

---

Hann er strákur sem æfir fótbolta.  
Kom alltaf fyrr, æfði aukalega, vildi vera betri en hinir.  
Og var valinn í landsliðið.

*Hleiðar Logi Hleiðarsson, 9. bekk Stapaskóla*

---

Við erum saman, í gleði og sorg,  
fjölskylda mín, styrkur í hverri borg.  
Hendur sem halda, hjörtu sem slá,  
allt sem við þörfnumst, við finnum hjá.

*Íris Brynja Arnarsdóttir, 9. bekk Stapaskóla*

---

Jóla ljós um víðan völl  
vinsæl jólalög hljóma  
stræti og stígar ljóma  
stöðugt jóla bíðum öll.

*Jökull Kári Oddsson, 9. bekk Stapaskóla*

---

Er svo reiður  
þó ekki breiður  
í hárið set greiður  
sit nakinn og gleiður

*Jón Gunnar Björgvinsson, 9. bekk Stapaskóla*

---

## Vorið vaknar

Ég vakna snemma á fallegum morgni,  
ég lít út um gluggann, þar sé ég lóuna.  
Hún kveður burt snjóinn og vorið vaknar á ný.

*Lejla Mujkic, 9. bekk Stapaskóla*

---

Fjölskylda er heimili, þar sem ástin býr,  
í hjörtum okkar skín hún, sem stjörnur um nótt.  
Hönd í hönd, við göngum saman,  
í gleði og sorg, við erum aldrei ein.  
Í augunum glóir kærleikur, sem aldrei fer,  
fjölskyldan mín er það sem ég elska mest,  
og þar sem við erum, er heimurinn bjartur,  
því við erum saman, við erum allt.

*Salma Mariam Awal, 9. bekkur Stapaskóla*

---

Skrítið er það fyrirbæri  
sem enginn maður þekkir í raun,  
er þetta öræfi eða strengjahljóðfæri?  
Þetta er allavega ekki baun.  
Þetta er dauðinn sjálfur.  
Sá eini sanni.  
Hann er nú enginn fjörkálfur,  
en hann nær hverjum einasta manni.

*Hrönn Jónsdóttir, 10. bekk Stapaskóla*

---

Sumarið er sko tíminn  
Besti vinur minn er síminn  
Ég held honum nær mín hjarta  
En fyrir er ein stór geirvarta

*Ísey Björnsdóttir, 10. bekk Stapaskóla*

